



## Ályktanir 29. fulltrúapings Sjúkraliðafélags Íslands

Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Á 29. fulltrúapingi félagsins, þann 10. september 2020, var ályktað um þau mál sem heitast brenna á sjúkraliðum og beinast að kjaramálum, bættum starfsskilyrðum, menntamálum og heilbrigðisþjónustu.

### Ályktun um fagháskóla-/diplomanám

29. fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands lýsir ánægju með að stjórnvöld hafa nú loksins orðið við kröfum sjúkraliða um að setja á stofn fagháskólanám fyrir sjúkraliða við Háskólann á Akureyri. Sjúkraliðar hafa lengi barist fyrir að stéttin eigi kost á samfelldri námsleið frá framhaldskólastigi yfir á háskólastig. Diplómanám á háskólastigi svarar í senn þorsta sjúkraliða eftir meiri menntun, skerpri faglega ásýnd stéttarinnar og gerir sjúkraliðum kleift að takast á herðar ábyrgðarfullri störf og gegna auknu stjórnunarhlutverki í heilbrigðisgeiranum. Þetta 60 eininga fagnám á háskólastigi skapar um leið nýtt aðráttarafl fyrir stéttina gagnvart ungu fólki sem er að velja sér lífsstarf.

Þingið lýsir ánægju með frumkvæði Háskólans á Akureyri og góðan stuðning bæði heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra við stofnun nýrrar námsleiðar. Sjúkraliðar binda vonir við að námið stuðli að fjölbreyttum leiðum til mismunandi sérhæfingar, eins og á sviði öldrunar- og heimahjúkrunar, geð- og samfélagshjúkrunar og í framtíðinni á fleiri sviðum.

Þingið lýsir fullum stuðningi við störf nýs verkefnahóps sem undirbýr námið undir stjórn Arnrúnar Höllu Arnórsdóttir aðjúnkt við Háskólann á Akureyri. Mikilvægt er að verkefnahópurinn hraði störfum sínum svo sjúkraliðar fái sem fyrst yfirsýn yfir þá möguleika sem ný námsleið á háskólastigi býður upp á. Þingið væntir þess að 1. nóvember liggi fyrir bæði heildarsýn yfir tveggja ára fjarnám við Háskólann á Akureyri og ítarleg lýsing allra námskeiða sem sjúkraliðum munu standa til boða.

Sjúkraliðar eru fagstétt sem hafa sýnt mikinn metnað til að auka faglega getu í gegnum mjög mikla þátttöku í sérhæfðum námskeiðum Framvegis - miðstöð símenntunar, og á fyrri árum í gegnum sérnám við Fjölbraut í Ármúla. Sjúkraliðar eru vannýtt auðlind innan heilbrigðisgeirans og ein leið til að vinna gegn mönnunarvanda kerfisins er að nýta betur getu þeirra og menntun. Fulltrúapingið átelur harðlega að þrátt fyrir meira en áratugagamlar leiðbeiningar frá vinnuhópi Embættis landlæknis um að heilbrigðisstofnanir samræmi starfslýsingar og nýjar starfsleiðir hærra menntunar- og færnistigi sjúkraliða hefur ekkert áorkast í þeim efnum.

Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands skorar því á stjórnendur innan heilbrigðiskerfisins að þróa nýjar starfsleiðir, ný tækifæri til starfsframa og fela sjúkraliðum aukna ábyrgð og viðeigandi stjórnunarstörf í samræmi við nýja námsleið á háskólastigi og síhækkandi menntastig

sjúkraliða gegnum símenntun. Þingið felur forystu félagsins að taka upp viðræður við yfirvöld heilbrigðismála og stjórnendur heilbrigðiskerfisins til að fylgja þessu fast eftir.

Fulltrúaþingið felur forystu Sjúkraliðafélagsins að ráðast í átak til að kynna sjúkraliðum nýja möguleika sem opnast með diplómanámi á háskólastigi jafnskjótt og námskrár og lýsing námskeiða liggja fyrir.

### Ályktun um fagráð

29. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands fagnar samþykkt Alþingis á nýjum lögum sem mæla fyrir um stofnun nýrra fagráða við níu helstu heilbrigðisstofnanir landsins. Samhliða verða gömlu hjúkrunarráðin og læknaráðin lögð niður. Í þessu felst fullnaðasigur fyrir sjónarmið sjúkraliða sem hafa barist fyrir breytingum af þessu tagi.

Þingið fagnar einnig skýrum yfirlýsingum heilbrigðisráðherra á Alþingi um að fagráð “skuli myndað af þeim fagstéttum sem starfa innan viðkomandi stofnunar.” Samkvæmt nýju lögnum er heilbrigðisráðherra lögð sú skylda á herðar að setja reglugerð um skipan og hlutverk ráðanna. Í yfirlýsingu ráðherrans felst því trygging fyrir því að sjúkraliðar muni eiga fulla aðild að nýju fagráðunum. Nýju lögin marka því kaflaskil í sögu stéttarinnar þar sem þau tryggja að í gegnum nýju fagráðin munu sjúkraliðar í fyrsta sinn koma að mótun hjúkrunarstefnu á jafnræðisgrundvelli gagnvart öðrum hjúkrunarstéttum.

Fagráðin marka því söguleg kaflaskil í þróun stéttarinnar, skerpa faglega ásýnd hennar og undirstrika enn frekar það mikilvæga hlutverk sem sjúkraliðar gegna nú sem burðarstétt í heilbrigðiskerfi landsmanna.

Fulltrúaþingið telur að fagráðin færi íslenska heilbrigðiskerfið nær nútímakröfum um teymisvinnu, samvinnu fagstétta og þverfaglega, heildræna nálgun í vinnubrögðum innan heilbrigðisgeirans. Þau miða meðal annars að því að sérhver fagstétt, þar á meðal sjúkraliðar, geti miðlað af reynslu sinni og menntun til að tryggja gæði og samfellu í þjónustunni. Fulltrúaþingið lýsir eindregnum vilja til samstarfs við heilbrigðisráðuneytið, stjórnendur heilbrigðisstofnana og aðrar fagstéttir til að starf nýju ráðanna fari hnökralaust og með jákvæðum hætti af stað sem allra fyrst.

Sjúkraliðafélagið skorar jafnfram á heilbrigðisráðherra að hraða gerð reglugerðar um skipan og fyrirkomulag fagráðanna svo unnt sé að koma þeim til starfa sem fyrst. Samtímis hvetur þingið stjórnendur heilbrigðisstofnana til að taka þegar til óspilltra mála við að undirbúa stofnun þeirra svo fagráðin megi virkja jafnskjótt og reglugerð heilbrigðisráðherra liggur fyrir.

Fulltrúaþingið felur forystu Sjúkraliðafélagsins að undirbúa stofnun fagráða með þrennum hætti:

- Í fyrsta lagi með því að koma sjónarmiðum félagsins um skipan og hlutverk fagráðanna á framfæri við heilbrigðisráðherra og forstjóra viðeigandi heilbrigðisstofnana.
- Í öðru lagi að virkja trúnaðarmenn í samstarfi við forystu félagsins í að stuðla að því að ráðist verði í stofnun fagráðanna innan viðkomandi stofnana sem allra fyrst eftir að ráðherra hefur gefið út reglugerð um fagráðin.

- Í þriðja lagi að tryggja jákvæða og sterka innkomu sjúkraliða á nýjan vettvang og móta samræmda stefnu um þau málefni sem sjúkraliðar telja á grundvelli faglegrar reynslu til að bæta gæða hjúkrunarþjónustunnar.

### Ályktun um forgangsrétt sjúkraliða til umönnunar- og hjúkrunarstarfa

29. fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands felur formanni og forystu félagsins að taka upp baráttu fyrir því að við ráðningar í störf á heilbrigðisstofnunum virði stjórnendur að fullu lögbundinn forgangsrétt sjúkraliða til þeirra starfa sem lög og reglur kveða á um. Það er ekki óheft val forstöðumanna heilbrigðisstofnana hvort þeir ráði sjúkraliða eða ófaglærðan starfsmann í hjúkrunar- eða umönnunarstarf.

Í sérlægum um sjúkraliða frá 1984 sem veittu sjúkraliðum lögverndað starfsheiti var skýrt ákvæði um forgangsrétt þeirra til sérhæfðra starfa í samræmi við kröfur um menntun stéttarinnar. Forgangsrétturinn var undirstrikaður enn skýrar í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða sem sett var árið 2013 í krafti laga sem leystu eldri sérlögin af hólmi. Þar er með skýrum orðum lagt fyrir stjórnendur heilbrigðisstofnana að þeim sé „óheimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum.“ Fulltrúaðingið krefst þess að þessum ákvæðum verði fylgt undanbragðalaust.

Hér er ekki einungis um hagsmunamál sjúkraliða að ræða heldur ekki síður sjúklinga og aðra þjónustuþega. Með ákvæðum um lögverndun starfsheitis og forgangsrétt sjúkraliða tryggja stjórnvöld skjólstaðingum að hjúkrun þeirra og umönnun sé einungis veitt af starfsfólki sem hefur til þess hæfni og getu vegna menntunar og starfsreynslu. Forgangsrétturinn er því um leið trygging fyrir lágmarksgæðum á þjónustu heilbrigðisstofnana gagnvart þjónustuþegum. Hann má óhikað kalla grundvallarþátt í að halda uppi öflugum heilbrigðiskerfi.

Fulltrúaðingið lýsir vonbrigðum sínum með að vaxandi brögð eru að því að stjórnendur ráði í störf á verksviði sjúkraliða án þess að fylgja ofangreindum ákvæðum. Þingið mótmælir þeim vinnubrögðum harðlega og ítrekar að félagið mun ekki líða að gengið sé framhjá lögbundnum réttindum sjúkraliða.

### Ályktun um mönnunarstefnu

29. fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands felur forystu félagsins að hefja markvissan undirbúning að stefnu félagsins um mönnun í heilbrigðisgeiranum. Tilgangurinn er að sjúkraliðar verði virkt og jákvætt afl í stefnumótun stjórnvalda á komandi árum.

Undirbúningurinn skal miða að því að félagið taki afstöðu til lykilþátta eins og opinberra mönnunarviðmiða, gæðaeftirlits með þjónustu stofnana, þjónustusamninga milli stofnana og ríkis, hlutverks heimaþjónustu og heimahjúkrunar með tilliti til öldrunar Íslendinga, æskilegs hlutfalls sjúkraliða í mannafla stofnana auk annarra mikilvægra þátta.

Við mótun stefnunnar skal m.a. hafa hliðsjón af þróun á Norðurlöndunum. Þar hefur hjúkrun og umönnun við aldraða í vaxandi mæli færst inn á heimilin og fjárframlög til heimaþjónustu eru nú 8 - 15 sinnum hærra en á Íslandi (hlutfall af vergri landsframlæiðslu).

Við undirbúning stefnumótun skal m.a. afla eftirfarandi grunnagna sem ekki liggja fyrir í opinberum gagnagrunnum:

- Í fyrsta lagi skal kortleggja núverandi stöðu sjúkraliða í heilbrigðiskerfinu með því að afla ítarlegra upplýsinga frá öllum heilbrigðisstofnunum um fjölda starfandi sjúkraliða, fjölda stöðugilda og hversu mörg stöðugildi eru æskileg að mati stjórnenda.
- Í öðru lagi skal fela sérfræðingum í samvinnu við fagstofnanir að greina þörf samfélagsins fyrir sjúkraliða fram til ársins 2030 með hliðsjón af spám um aldursþróun og öðrum lykilþáttum, s.s. auknu mikilvægi heimaþjónustu.
- Jafnframt skal forysta félagsins beita sér fyrir að stjórnvöld, þ.á.m. heilbrigðisráðuneyti, Embætti landlæknis og Ríkisendurskoðun, geri úttektir á stöðu og mikilvægi sjúkraliða fyrir heilbrigðiskerfið, tengsla milli gæða þjónustunnar og fjölda sjúkraliða.